

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, Brúarland og Jódísarstaðir.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, frá 14. október 2002.

Breytingin felst í því að hámarksfjöldi húsa á íbúðarsvæðum í landi Brúarlands breytist úr 15 í 17 hús og 10 ha svæði vestan Eyjafjarðarbrautar eystri í landi Jódísarstaða verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*